



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands

49. árg. september 2023 nr. 131





Hvatning

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu
Sýnum í verki skilning og friðarvilja
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu

Markmið

Að vinna að bættri stöðu kvenna
Að gera háar kröfur til siðgæðis
Að vinna að mannréttindum öllum til handa
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi

Áherslur

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:
Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu
Soroptimistar vinna að framgangi markmiða
sinna í starfi sínu bæði heima fyrir
og á alþjóðavettvangi.

Ritnefnd:



Guðný S.
Þorsteinsdóttir



Kristín Árnadóttir



Magdalena Berglind
Björnsdóttir



Sigríður B. Aadnegard



Sigrún Þórisdóttir

Fregnir er málagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðumynd: Haustlauf, Sigríður B. Aadnegard

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Kæru systur!

Haustið er komið með sínum fallegu litatónum í náttúrunni, löngum skuggum, kertaljósum og kólnandi veðri. Haustið kallar líka Soroptimistasystur saman til starfa eftir gott sumarfrí, endurnærðar og tilbúnar til að takast á við öll fjölbreyttu verkefni sem einkenna klúbbana okkar - og njóta samveru hver með annari, til dæmis á haustfundi.

Í ár eiga nokkrir klúbbar stórafmæli; systur í Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar fagna 50 ára afmæli klúbbsins þetta ár og deila í blaðinu með okkur nokkrum eftirminnilegum atriðum frá stofnun og starfi klúbbsins og hvernig afmælisárinu hefur verið fagnað. Klúbbarnir á Húsavík og Akranesi eiga 40 ára afmæli og Austurlandsklúbbur 20 ára afmæli. Hjartans hamingjuóskir, kæru systur, með þessi merkilegu tímamót. Megi klúbbar ykkar vaxa og dafna enn frekar á komandi árum og þið njóta systrapels og óteljandi gæðastunda.

Fregnir þessa hausts er tölublað númer 131. Soroptimistasystur í klúbbum Við Húnaflóa hafa nú komið öðru blaði af Fregnum til systra, fullu af fjölbreyttu efni og fróðlegum greinum frá eldhugum í klúbbum víðs vegar um landið. Þökkum við af alhug fyrir skrif ykkar, án þeirra væri ekkert blað.

„Það hefur líklega sjaldan gerst, ef nokkru sinni, að Soroptimistar á Íslandi opni sitt fallega málagn og við blasi grein um nauðungarstjórnun og kvennamorð. Skyldi sumum af okkar góðu systurum ekki bregða örlítið í brún“. Á þessum orðum hefst grein Hildar Jónsdóttur verkefnisstjóra Sigurhæða. Viljum við hvetja allar systur til að lesa greinina af athygli, málefnið er mikilvægt og gæti staðið okkur nær en við vitum eða óskum okkur.

Í blaðinu rifjar Sigrún Þorgeirsdóttir forseti sambandsins upp mikilvægar vörður í starfi Soroptimista og rekur í stuttu máli fjölgun klúbba, bæði á heimsvísu og hér á landi.

Í grein frá Austfjarðasystrum segja þær okkur frá því hvernig þær settu sér markmið og fundu sér vinaklúbb á Írlandi. Ævintýrum þeirra systra er ekki lokið því á heimspingi í sumar kynntust þær systur frá Kenía og verið er að tengja klúbbana vinaböndum.

Þóra Guðnadóttir deilir með okkur áhugaverðum vangaveltum sínum um hvort umfjöllun Alþjóðasambands Soroptimista um umhverfismál sé aðeins orðin tóm í grein sinni Bylgjur breytinga.

Nýtt merki Soroptimista fangaði athygli Sigríðar Kr. Gísladóttur. Í grein sinni lýsir hún því hvernig hún ákvað að kynna sér hönnun og hugsunina á bakvið nýtt merki eftir að hafa fundið fyrir breytingamótþróva við fyrstu fréttir af málinu.

Hjá BSRB er verið að skipuleggja viðburð á Arnarhóli sem hefst kl. 14 þann 24. október nk. Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB fræðir okkur um málið.

Systur kunna aldeilis að leika sér og fagna og það gerðu Seltjarnarnessystur svo sannarlega á árlegu golfmóti sínu auk þess sem listakonan og Soroptimistinn Ninný opnaði vinnustofu sína á bæjarlistahátíð á Seltjarnarnesi í sumar.

Eyrún S. Ingvadóttir, verkefnastjóri SNLA kynnir starfsemi SNLA fyrir lesendum og Halldóra Snorradóttir var svo heppin að fara sem fulltrúi íslenskra þátttakenda til Svíþjóðar í sumar þegar undirbúningshópur SNLA hélt þar leiðtoganámskeið fyrir 20-30 ára konur.

Það er einlæg ósk ritnefndar Fregna að vetrarstarf klúbba eigi eftir að færa systur gleði og fræðslu. Að verkefni klúbba eigi eftir að ganga vel og gagnast þeim sem þau eru ætluð.

Sjáumst vonandi sem flestar á haustfundi á Laugarbakka í Miðfirði.

Góðar systrakveðjur, ritnefnd Fregna.



Kæru systur!

Á haustfundinum ætlum við að horfa til framtíðar og huga m.a. að útbreiðslumálum, verkefnum okkar og umhverfismálum. Þó getur stundum verið gott að líta til baka og rifja upp vörður í starfi Soroptimista í gegnum tíðina. Fjórtán árum eftir stofnun Kvenréttindafélags Íslands, 1907, var stofnuð ný hreyfing kvenna sem átti eftir að láta mikið til sín taka og einnig hér á Íslandi.

Soroptimistahreyfingin var stofnuð í Bandaríkjunum 1921 og var haldið upp á 100 ára afmæli hennar fyrir tveimur árum. Til stóð að halda afmælishátíð í Oakland í Kaliforníu en vegna heimsfaraldursins þurfti að halda hana á netinu. Íslenskar systur fylgdust með útsendingunni á hKaustfundi okkar á Laugarbakka. Í faraldrinum kom í ljós að Soroptimistasystur stóðu sig afar vel í að aðlagast nýjum aðstæðum og héldu marga fundi og þing á netinu en síðan var gaman að hittast aftur í raunheimum og fagna aldarafmælinu saman á Laugarbakka þar sem afmælisnefndin hafði undirbúið veglega hátíð.

Fyrsta alþjóðþing Soroptimista var haldið í London 1930 og næsta þing í París fjórum árum síðar. Í ferð okkar systra á alþjóðþingið í sumar var gott að hugsa til þeirra kvenna sem sátu fyrstu þingin. Þá voru ferðalögin örugglega talsvert erfiðari og hafa tekið mun lengri tíma fyrir systurnar frá Ameríku og Evrópu. Systur á upphafsárunum þurftu að leggja á sig mikla vinnu við að móta stefnu og starf Soroptimista til framtíðar. Árið 1971 var haldið alþjóðþing í Róm og í Sheffield 1975 þar sem íslenskar systur áttu fulltrúa. Á undanförunum árum hafa íslenskar systur fjölmennt á alþjóðþing og má þar nefna t.d. þingið í Kuala Lumpur í Malasíu 2019 og núna síðast í Dublin.

Árið 1924 voru Soroptimistaklúbbar stofnaðir í París og London. Fleiri Evrópulönd bættust í hópinn á næstu árum, t.d. Danmörk, Noregur og Finnland, þannig að Soroptimistahreyfingin stendur á gömlum merg í nágrennalöndum okkar. Árið 1928 var Evrópusamband Soroptimista stofnað og sex árum seinna urðu til tvö ný Soroptimistasambönd, Bresk-írska Soroptimistasambandið og nýtt Evrópusamband. Árið 1934 varð frönsk kona forseti, dr. Susanne Noël, og vann þrekvirki í útbreiðslumálum Soroptimista. Hún stofnaði marga klúbba í Evrópu, flesta í Norður- og Mið-Evrópu, og einnig stofnaði hún klúbba í Asíu. Starfið á fyrstu árunum hvíldi á fárra herðum og fyrstu systurnar unnu gríðarlega mikið starf. Og 1. janúar á næsta ári tekur íslensk kona í fyrsta sinn við embætti forseta Evrópusambandsins, Hafdís Karlsdóttir, og haldinn verður sendifulltrúafundur í Reykjavík fyrstu helgina í október 2024. Öllum systur á Íslandi er boðið að sitja þann fund og fylgjast með dagskránni.

Árið 1959 kom systir á vegum danskra Soroptimista, Helga Demcher, til Íslands til að undirbúa stofnun Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur. Þegar hún hafði náð saman átján konum var klúbburinn stofnaður hinn 19. september, við hátíðlega athöfn. Síðan þurfti að byggja upp og móta starfið á Íslandi, m.a. þýða klúbbalög og semja reglugerð. Árið 1971 var hafinn undirbúningur að stofnun Landssambands Soroptimista með þýðingu laga og samningu reglugerðar sambandsins. Landssambandið var síðan stofnað árið 1974 þegar klúbbarnir á Íslandi voru orðnir tveir og aðrir tveir í undirbúningi. Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbur var stofnaður 1973 og síðan tveir á árinu 1975, Kópavogsklúbbur og Keflavíkurklúbbur.

Framhald á næstu síðu

Fyrsti forseti Landssambandsins var Halldóra Eggertsdóttir úr Reykjavíkurklúbbsi og næsti forseti kom úr Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbsi, Jóna V. Höskuldsdóttir. Síðar bættust við nýir klúbbar víðs vegar um landið og nú vinnur útbreiðslunefndin okkar að stofnun klúbbs á Vestfjörðum. Á næsta ári munum við íslenskar systur halda afmælishátíð til að fagna fimmtíu ára afmæli Soroptimistasambands Íslands og verður hún haldin í tengslum við sendifulltrúafundinn í byrjun október.

Ári eftir stofnun Landssambandsins var ákveðið, undir stjórn Halldóru Eggertsdóttur forseta, að gefa út fréttablaðið Soroptimistafregnir. Í fyrsta fréttabréfinu, sem Guðrún Halldórsdóttir ritstýrði, var sagt frá þingi Alþjóðasambandsins í Sheffield sem Halldóra sótti. Á næsta ári, 1976, var fjallað um Norrænu vinadagana sem var þá nýjung í starfi Soroptimista á Norðurlöndum. Undanfarin ár hafa íslenskar systur fjölmennt á Norræna vinadaga, nú síðast á fróðlegan og skemmtilegan vínafund í Kalmar í Svíþjóð, í fyrra. Norrænir vinadagar verða haldnir í Danmörku á næsta ári um mánaðamótin ágúst/september og það verður örugglega góð mæting frá Íslandi.

Frá 1986 nefnist blaðið okkar Fregnir og allt til ársins 1990 var ritstjórnin í höndum Guðrúnar og Sigrúnar Klöru Hannesdóttur. Enn lifir fréttabréfið okkar góðu lífi og á síðasta tímabili komu út efnismikil og fróðleg

blöð í ritstjórn Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbs. Nú hefur Soroptimistaklúbburinn Við Húnaflóa tekið við keflinu undir styrkri stjórn Sigríðar Bjarneyjar Aadnegard, fráfaramandi ritara Landssambandsins.

Þing Alþjóðasambandsins var haldið í Glasgow árið 2007 og þar var gefin út sérstök friðaryfirlýsing sambandsins. Systur lásu hana upp utandyra svo að úr varð áhrifamikið friðarákall. Mér finnst þessi friðaryfirlýsing eiga erindi til Soroptimista á öllum tímum og sérstaklega núna eftir stækkun Alþjóðasambandsins:

Við erum konur og málsvarar kvenna.

Við erum frá mörgum ólíkum löndum, af mismunandi litarhætti, trúarbrögðum og kynþáttum en í sameiningu fögnum við fjölbreytni okkar.

Við sameinumst í því markmiði að flytja friðarboðskap til allra kvenna í heiminum.

Sigrún Þorgeirsdóttir

Forseti Soroptimistasambands Íslands

Heimildir:

Samtaka systur. Soroptimistaklúbbar Reykjavíkur. Fyrstu fimmtíu árin 1959-2009. Ritnefnd: Erla Björnsdóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir og Sigurlín Gunnarsdóttir.

Vefsíður sem tengjast Soroptimistum.

Í tilefni bæjarlistahátíðar
Seltjarnarness 2023
var myndlistakonan og
Soroptimistinn Ninný
(Jónína Magnúsdóttir) með
opið hús á vinnustofu sinni á
Eiðistorgi, Seltjarnarnesi.





BYLGJUR BREYTINGA

Fyrir um fjörutíu árum fékk JC Húsavík þá hugmynd að halda landsþing hreyfingarinnar á sjó. Sigla til Kaupmannahafnar og sinna þingstörfum á meðan á siglingunni stæði. Síðan gætu félagarnir átt nokkra góða daga í Kaupmannahöfn áður en siglt væri heim.

Þessi hugmynd varð að engu vegna hræðslu við sjóveiki.

Á þessum tíma voru skemmtiferðaskipin mun minni en þau eru í dag og enginn var að velta loftslagsbreytingum fyrir sér.

Í dag er öldin önnur og fyrir nokkru skrifaði Carolien Demey forseti SIE þessar línur:

„Að hindra loftslagsbreytingar...í þágu kvenna!
/ Changing the climate...for WOMEN!

Hvert og eitt okkar veit að loftslagsbreytingar eiga sér stað. Við erum öll sannfærð um að mikilvægt sé að bregðast við og til þess að hafa áhrif verðum við öll að leggjast á árnar.

Þótt konur séu ekki allar sannfærðar um þessar breytingar nú sjáum við, Soroptimistar, merki þess að neikvæð þróun eigi sér stað og þar sem við eigum sæti við borðið, eins og hjá Sameinuðu þjóðunum (e. UN), Öryggisráði Evrópu (e. the Organization for Security and Co-operation in Europe) og Evrópuráðinu (e. Council of Europe), getum við lagt baráttunni lið.

Ef við hlýðum ekki viðvörunarbjöllumum eða bregðumst of seint við þeim geta afleiðingarnar orðið skelfilegar.“

Á nýliðnu heimspingi í Dublin var var rætt um að vernda náttúruna fyrir loftslagsbreytingum. Systur um allan heim sameinuðust um þetta mál.

Því fannst mér það skjóta skökku við þegar tilkynnt var að næsta alþjóðþing Soroptimista, sem halda á árið 2027, verði á skemmtiferðaskipi í Alaska og í kynningu sagði að siglt yrði um stórkostlegt landslag og hrífandi útsýni. Dekrað verði við Soroptimista í sjö daga í lúxuspægindum undir þemanu Bylgjur breytinga.

Ekki er að efa að slík ferð yrði stórkostleg og upplifun sem enginn myndi gleyma. En erum við ekki að gleyma einhverju?

Hvað mun svona ferð kosta? Hvernig eiga efnaminni þjóðir að geta kostað þessa ferð? Hvað með mengun í ósnortinni náttúru Alaska?

Já það eru margar spurningar sem vakna og það er mín skoðun að við séum að senda út röng skilaboð, „Gerið eins og ég segi en ekki eins og ég geri“.

Kynnið ykkur málið: Sjá heimasíðuna <https://siconvention.org/en>

Þóra Guðnadóttir, formaður Kópavogsklúbbi

AF HVERJU KVENNAVERKFALL?

Fyrir 48 árum boðuðu konur hér á landi í fyrsta sinn til Kvennafrís, en alls hafa konur lagt niður vinnu í sex skipti, til að mótmæla kynbundnu misrétti. Konur gengu fyrst út 1975, svo 1985, 2005, 2010, 2016 og 2018.

Aðdraganda fyrsta Kvennafrísins árið 1975 má rekja til þess að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna helgaði áratuginn 1975 til 1985 málefnum kvenna. Í tilefni þess tóku kvennasamtök, kvenfélög og stéttarfélög sig saman og skipulögðu dag, þar sem konur lögðu niður vinnu, til að leggja áherslu á mikilvægi vinnuframlags kvenna á Íslandi. Var 24. október valinn, en það er dagur Sameinuðu þjóðanna. Talið er að 90% kvenna á Íslandi hafi lagt niður vinnu þann dag og um 25.000 konur söfnuðust saman á útifundi á Lækjartorgi í einum fjölmennasta útifundi Íslandssögunnar. Konur söfnuðust einnig saman víða um land til að leggja áherslu á mikilvægi vinnuframlags kvenna. Samtakamáttur þeirra leiddi til umfangsmikilla breytinga í átt að auknu jafnrétti, m.a. með kjöri fyrstu konunnar sem gegndi embætti lýðræðislega kjörins forseta á heimsvísu.

Þrátt fyrir áratugalanga baráttu búum við enn í samfélagi þar sem langlífasti og útbreiddasti faraldurinn sem við eigum við að etja er ofbeldi gegn konum. Einnig er framlag kvenna til samfélagsins gróflega vanmetið. Þetta vanmat birtist hvað sterkast í því að meginástæða fyrir launamuni kynjanna er vegna þess hve kynskiptur vinnumarkaðurinn er, þ.e. laun stétta þar sem konur eru í meirihluta eru lægri en í sambærilegum störfum og með þeim lægstu á vinnumarkaði.

Hver rannsóknin á fætur annarri sýnir fram á sláandi tölur um misrétti og ofbeldi, en viðbrögðin eru lítil sem engin. Við sem samfélag virðumst orðin samdauna stöðunni og teljum að jafnrétti komi með tímanum – jafnvel þó vitað sé að það muni a.m.k. taka mannsævi.



Kvennaverkfall 24. október 2023

Við ætlum ekki að bíða lengur! Því blásum við til baráttu enn á ný og leggjum niður launuð sem ólaunuð störf þann 24. október næstkomandi. Við erum komnar með nóg af því að:

Minnsta kosti 40% kvenna hafi á lífsleiðinni orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi heima og í vinnunni og ungar konur búi við mestu hættuna. Konur með fötlun, af erlendum uppruna og transkonur búa einnig við meiri hættu á því en aðrir hópar að verða fyrir ofbeldi.

Algengast er að ofbeldismenn séu vinir eða kunningjar, makar eða einstaklingar tengdir öðrum fjölskylduböndum sem leiðir það af sér að einn hættulegasti staðurinn fyrir konur er heimilið þeirra.

Stórir hópar kvenna búa ekki við fjárhagslegt sjálfstæði eða öryggi þrátt fyrir að vinna fullt starf.

Einstæðar mæður og öryrkjar eru í mestri hættu á að búa við fátækt.

Konur eru enn með rúmlega 21% lægri atvinnutekjur, að meðaltali, en karlar.

Meginástæðan fyrir launamuni kynjanna er að mikilvæg störf kvenna sem vinna við menntun, umönnun og hjúkrun eru stórlega vanmetin.

Ekki er enn búið að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla – og konur bera enn meginþunga ábyrgðarinnar sem felur það í sér að þær eru almennt að minnsta kosti helmingi lengur frá vinnumarkaði en karlar.

Andleg líðan og heilsa kvenna er lakari en karla vegna aukinnar ábyrgðar þeirra á ólaunuðu störfunum, í launuðum störfum s.s. vegna álags í starfsumhverfinu, vegna fjárhagsstöðu eða áfallasögu.

Önnur og þriðja vaktin við að sinna börnum, öldruðum eða veikum ættingjum og heimilinu er meginástæða þess að konur geti ekki unnið fullt starf. Um þriðjungur þeirra er í hlutastarfi af þessum orsökum. Vinnuvika kvenna er mun lengri en karla að meðtöldum ólaunuðum störfum.


Við erum gamlar, ungar, miðaldra, með ólíkan húðlit, með fötlun og ekki, við erum hinsegin, sís, gagnkynhneigðar, við trúum á alls konar og höfum ólíkar skoðanir, fæddumst á Íslandi og víðsvegar um heiminn, erum af ólíkum uppruna og líkamar okkar eru alls konar. Við erum í launaðri vinnu eða ekki og fjárhagslegt svigrúm okkar er ólíkt. Við höfum orðið fyrir ofbeldi, áreitni eða misrétti eða þekkjum konur eða kvár sem hafa orðið fyrir því.

Við fléttum saman baráttu okkar og leggjum niður störf til að sýna að sameiginlegur kraftur okkar er óstöðvandi. Þannig getum við breytt samfélaginu og knúið fram jafnrétti strax. Saman munum við breyta samfélaginu. Okkar grundvallarkröfur eru að ofbeldi verði útrýmt og störf kvenna verði metin að verðleikum.

Sjáumst á Arnarhóli kl. 14 þann 24. október næstkomandi!

Fyrir hönd undirbúningsnefndar um Kvennaverkfall

Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB



Heiður Anna Vigfúsdóttir

f. 15. desember 1938, d. 31. desember 2022

Soroptimistar eru alþjóðleg kvennasamtök sem vinna við ýmis konar góðgerðarstarfsemi sem miða að bættum heimi. Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur er elsti klúbbur samtakanna á Íslandi, stofnaður 1959. Margar frábærar konur hafa lagt samtökunum lið á þeim árum sem liðin eru frá stofnun hans og margs að minnast frá meira en 60 ára starfi. Heiður Vigfúsdóttir, sem við kvöddum á köldum janúardegi, var ein af þessum styrku stoðum sem lögðu samtökunum lið með atorku sinni og lífsviðhorfum. Hún gekk í Soroptimistaklúbbinn árið 1991 og var alla tíð virk í starfinu á meðan hún hafði heilsu til og tók þátt í ýmsum nefndum og verkefnum. Hún var meðal annars gjaldkeri, verkefnastjóri mennta- og menningarmála og tengill við vinaklúbba. Um skeið var hún formaður Styrktarsjóðs klúbbsins og var formaður klúbbsins 2009-2011. Menntun hennar og viðhorf voru enda í góðu samræmi við markmið samtakanna. Heiður var sérkennari að mennt og starfaði lengi við Öskjuhlíðarskólann. Eitt af markmiðum Soroptimista er að vinna að mannréttindum öllum til handa og vinna að jafnrétti, framförum og friði, með alþjóðlegri vináttu og skilningi, allt markmið sem féllu vel að hugsjónum hennar. En Heiður átti annan streng í hörpu sinni sem var hvers kyns hannyrðir, og einkum var sterkur áhugi hennar á að efla virðingu fyrir þjóðbúningunum okkar. Heiður var í stjórn Heimilisiðnaðarfélagss Íslands og formaður 1995-2002. Einnig var hún ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður tímaritsins Hugur og hönd um árabíl þar sem sköpunargáfa hennar fékk vel að njóta sín.

Heiður var gerð að heiðursfélagi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur árið 2017 sem þakklætisvott fyrir framlag hennar til starfsemi klúbbsins.

Maki Heiðar var Birgir Guðjónsson, læknir og áttu þau þrjú börn, Ásdísi, Gunnar og Sigrúnu.

Við klúbbsystur í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur, kveðjum nú Heiði Vigfúsdóttur og þökkum henni allt hennar framlag til eflingar menntunar og menningar þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Jafnframt sendum við eiginmanni hennar og allri fjölskyldunni okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur

Sigrún Klara Hannesdóttir

(Lítið breytt frá birtingu 24. janúar í Morgunblaðinu)

Sigríður Ágústsdóttir

f. 7. febrúar 1949, d. 16. febrúar 2023

Kveðja frá systurum í Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Sigríður Ágústsdóttir var fædd í Reykjavík 7. febrúar 1949 og hún lést á líknardeild Landspítalans 16. febrúar 2023, langt fyrir aldur fram.

Siddý, eins og hún var jafnan kölluð, fór eftir nám í Verzlunarskóla Íslands til Montmorillon í Frakklandi til að læra frönsku og ári síðar eða árið 1970 fór hún til listnáms í Cambridge í Englandi, en 1971 sneri hún aftur til Frakklands í listaskóla í Marseille og seinna til Aix en Provence, þar sem hún lagði stund á leirlist.

Siddý giftist 1974, eiginmanni sínum Kristni J. Albertssyni f. 23.1.1948 d. 1.3.2016 og þau bjuggu til fjölda ára í Cambridge, þar sem hann stundaði rannsóknir, en hún leirlistarnám og þar fæddist einkadóttir þeirra Iðunn Elsa. Skömmu eftir fæðingu hennar sneru þau heim til Íslands og eftir nokkra dvöl í höfuðborginni fluttu þau til Hafnarfjarðar.

Siddý kom eins og hlýr stormsveipur inn í Soroptimistahreyfinguna er hún gekk til liðs við Soroptimistaklúbb Hafnarfjarðar og Garðabæjar árið 1992 og tveimur árum seinna tók hún leiðsögumannspróf á frönsku og ensku og starfaði við það öll sumur, einnig fyrir klúbbinn sinn. Hún gegndi mjög mörgum embættum, bæði fyrir klúbbinn og Landssambandið, m.a. sem sendifulltrúi og í laganefnd. Árið 1998 fluttu þau hjón til Akureyrar og þá gekk Siddý í klúbbinn þar og var m.a. formaður ásamt ýmsu öðru. Eftir 16 ár fyrir norðan fluttu þau hjón aftur til Hafnarfjarðar og Siddý kom á ný inn í gamla klúbbinn sinn.

Siddý var mjög jákvæð, full af glettni og góðvild, alltaf til í að gera það sem þurfti hverju sinni og hún var 100% Soroptimisti, sem við kveðjum með söknuði.





Árlegt kvennagolfmót Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness var haldið á Nesvelli 17. ágúst 2023. Allur ágóði rann til Konukots. Fjöldmörg fyrirtæki styrktu golfmótið með veglegum gjöfum. Við þökkum kærlega fyrir veittan stuðning. Golfmótið gekk ljómandi vel þrátt fyrir rýsjótt veður.



NAUÐUNGAR- STJÓRNUN



Heimilisofbeldi fylgir mynstri nauðungarstjórnunar

Það hefur líklega sjaldan gerst, ef nokkru sinni, að Soroptimistar á Íslandi opni sitt fallega mál gagn og við blasi grein um nauðungarstjórnun og kvennamorð. Skyldi sumum af okkar góðu systur ekki bregða örlítið í brún!

En þetta var einmitt yfirskrift svokallaðs Masterclass með dr. Jane Monckton-Smith, prófessor við háskólann í Gloucester, Bretlandi, sem Sigurhæðir stóðu fyrir einn blíðviðrisdag seint í ágúst. Reyndar var það langt í frá svo að Sigurhæðir stæðu einar fyrir þessum heilsdagsviðburði, því Bjarmahlíð á Akureyri, dómsmálaráðuneyti, dómstólasýslan, Lögreglustjórafélag Íslands, lögreglan á Suðurlandi, mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu og sýslumennirnir í Eyjum og á Suðurlandi tóku höndum saman með Sigurhæðum um þennan viðburð. Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra setti masterclassinn og Grímur Hergeirsson lögreglustjóri á Suðurlandi hélt lokaávarp, en Dr. Jane stóð ein í pontu allan daginn með nokkrum styttri innleggjum frá aðstoðarkonu sinni, Susan Haile. Eftir því var tekið hversu vel viðburðurinn var sóttur af lögreglu og öðrum starfsmönnum réttarvörslukerfisins.

Byggt á rannsóknum á kvennamorðum

Jane Monckton-Smith er fyrrum lögreglumaður og afbrotafræðingur að mennt og byggir þennan masterclass upphaflega á rannsókn sinni á um 400 kvennamorðum í Englandi og Wales, en síðan hafa hundruðir mála, sem hún hefur rannsakað, bæst við. Dr. Jane hefur skrifað fjölda bóka, þar á meðal bókina *In Control: Dangerous Relationships and How They End in Murder*. Bækur eftir hana eru námsefni í lögreglunámi hérlandis og erlendis. Hún vinnur mikið með lögreglu við rannsókn mála, við greiningu á grunsamlegum dauðsföllum og við

þjálfun lögreglumanna, dómara, ákæranda og fleiri starfsmanna réttarkerfisins. Þá hefur hún unnið mikið með fjölskyldum kvenna sem hafa verið myrtar af sambýlismönnum, kærustum eða fyrrum kærustum svo eitthvað sé nefnt.

Dr. Jane tekur útgangspunkt í hugtakinu nauðungarstjórnun (e: coercive control) sem bandaríski prófessorinn Evan Stark setti fram og skilgreindi á árinu 2006 í bók sinni um ofbeldi karla gegn konum (e: Coercive Control: How Men Entrap Women in Personal Life). Evan Stark hefur haft gríðarleg áhrif á þróun skilnings á kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi og m.a. verið í fararbroddi rannsókna við Yale háskóla á því hvaða áhrif ofbeldi hefur á heilsu kvenna.

Hvað er nauðungarstjórnun?

Nauðungarstjórnun (e. coercive control) er regnhlífarhugtak yfir alls konar tegundir af ofbeldi og hjálpar okkur að skilja heimilisofbeldi sem mynstur stjórnunar, umsáturs, eftirlits og ofbeldis. Þetta mynstur miðar að því að skerða frelsi þolandans, taka frá þeim eigin sjálfsmynd og það er ekki aðeins brotið gegn líkamlegri helgi konunnar heldur einnig mannréttindum hennar. Sá skilningur hefur gjarnan verið lagður í hugtakið heimilisofbeldi að það feli í sér atvik eða röð atvika þar sem núverandi eða fyrrverandi eiginmaður, sambýlismaður eða kærasti beitir líkamlegu ofbeldi eða jafnvel að það nái yfir einstaka rifrildi. En hugtakið nauðungarstjórnun felur í sér svo miklu meira og þótt einstaka deilur eða rifrildi geti sannarlega verið hluti af nauðungarstjórnun er mikilvægt að skilja að hún er ofbeldismynstur sem yfirleitt hefur þróast yfir tíma og sem getur endað í limlestingum og morðum. Þannig verður hugtakið nauðungarstjórnun til hjálpar við að skilja og endurhugsa hvað felst í heimilisofbeldi.

Framhald á næstu opnu

Nauðungarstjórnun samkvæmt skilgreiningu Evans Stark er ekki fyrst og fremst ofbeldisglæpur heldur frelsisviptingarglæpur. Með þessu orðalagi er ekki ætlunin að gera lítið úr alvarleika líkamlegs ofbeldis sem átt getur sér stað sem hluti af heimilisofbeldi – stundum er engu líkamlegu ofbeldi beitt eða ofbeldið sem beitt er telst minniháttar í augum lögreglu – heldur að leggja áherslu á þann þátt sem mikilvægastur er – stjórnunina.

Eins og gíslataka

Samkvæmt skilgreiningu á nauðungarstjórnun er ofbeldi notað (eða ekki) samhlíða fjöldamörgum öðrum aðferðum – einangrun, smánun, gaslýsingu og ofurstjórnun á daglegum athöfnum (eins og símtölum, netnotkun, klæðnaði, mat, hverja þolandinn umgengst o.s.frv.) Ofbeldismaðurinn býr til heim þar sem þolandinn er stöðugt gagnrýndur og undir smásjá; öll hegðun er vegin og metin á grundvelli ófyrirsjáanlegs og síbreytilegs „regluverks“. Þessar reglur eiga uppruna sinn í staðalmyndum gerandans af því hvernig eiginkonan / sambýliskonan eða kærastan eigi að haga sér gagnvart honum, hvernig hún eigi að elda, halda hreinu, ala upp börn, vera í rúminu og innan um annað fólk.

Að upplifa nauðungarstjórnun er líkt því að vera tekin í gíslingu; þolandinn verður fastur í óraunverulegum heimi sem gerandinn hefur búið til, áttavilltur í gildru mótsagna og ótta. Og eftirlitið einskorðast hvorki við heimilið né í gegnum stöðug símtöl, heldur getur netið, myndavélar og gps tækni verið nýtt til stöðugs eftirlits allan sólarhringinn.

Mynstur og stigmögnun

Með rannsóknnum sínum komst Dr. Jane Monckton-Smith að því að ofbeldissambönd fylgdu ákveðnu þróunarmynstri, stigmögnun, sem hægt var að greina og skoða yfir tíma. Þessari þróun skiptir hún í átta stig, sem hún kallar Átta þrepa tímalína morða. Þau eru Saga, Snemmbúið samband, Samband, Kveikjur, Stigmögnun, Breyting á hugsun, Skipulagning og Morð. Langt í frá öll sambönd þróast yfir allan þennan skala stigmögnunar, heldur er algengast að þau flakki á milli stigs þrjú og fimm. Fari stjórnunin yfir á stig sex aukast líkurnar um 600% á því að sambandið endi á stigi átta, morði.

1. Saga

Ofbeldismaðurinn á oftast sögu um að hafa beitt ofbeldi eða nauðungarstjórnun, t.d. eltihrellingum, í fyrri samböndum, eða beitt ofbeldi yfir höfuð. Hann getur verið með eldri dóma á bakinu. Dr. Jane leggur áherslu á að það sé ekki sambandið sem slíkt sem kalli á stjórnunina, heldur ofbeldismaðurinn, sem beitir stjórnun í hverju sambandinu á fætur öðru.

2. Snemmbúin sambönd

Samböndin hefjast með miklum hvelli, snemmbúnum ástarjátningum, sambúð eftir mjög stuttan tíma og jafnvel þungun. Ofbeldismaðurinn eys gjarnan, mjög fljótt, yfirdrifnum ástarjátningum yfir hinn aðilann. Hann leitar eftir því að sambýliskonan helgi sig sambandinu sem allra fyrst og getur hann lagt þá merkingu í fyrsta skipti sem þau sofa saman, fyrsta skipti sem ástaryfirlýsingar eru gefnar, þegar þau flytja saman o.s.frv. Þegar þessi helgun er komin á þá getur hegðun ofbeldismannsins breyst á skömmum tíma og ýmis mynstur um „eignarhald“, afbrýðisemi og eftirlit komið í ljós.

3. Sambönd

Nauðungarstjórnunin tekur á sig ýmsar myndir. Algengustu eru eltihrellingar, eftirlit og umsátur, ofbeldi (jafnvel vægt eins og að ýta og hrinda), kynferðisleg ágengni, eignarhaldsyfirlýsingar, afbrýðisemi, hótanir um sjálfsmorð eða morð, einangrun frá fjölskyldu og vinum, alls kyns regluverki og rútínum komið á, hótanir í garð gæludýra eða barna, skapofsi og fljótur upp. Fíknivandi eða þunglyndi getur komið í ljós, en það er ekki orsök heldur getur það magnað það ástand sem fyrir er. Regluverki og rútínu er komið á með afleiðingum fyrir þolandann ef gengið er gegn honum og ótti grefur um sig.

4. Kveikjur

Allar athugasemdir um slit á sambandi eða hótanir um það eru kveikjur fyrir ofbeldismanninn. Þær þurfa þó ekki að vera fyrir hendi, heldur getur ofbeldismaðurinn ímyndað sér möguleg sambandsslit, til dæmis sakað þolandann stöðugt um framhjáald. Gjaldþrot, andlegur eða líkamlegur heilsubrestur hjá annað hvort þolanda eða geranda, uppsögn úr vinnu eða atvinnuleysi geta verið kveikjur fyrir ofbeldið eða að atburðir verða tilefni til hefnda eða refsinga gagnvart þolandanum.

5. Stigmögnun

Mynstur nauðungarstjórnunar og yfirdrifinnar hegðunar verða algengari og alvarlegri. Umsátur, eltihrellingar og eftirlit hefst eða magnast og tekur á sig alvarlegar myndir. Hótanir um dráp eða sjálfsmorð. Reiði og vanstilling sýnilegri. Notar orðalag eins og „þú mátt ekki yfirgefa mig“, „ég get ekki lifað án þín“ og „það fær þig enginn annar en ég“.

6. Breyting á hugsun

Ekki er lengur hægt að „laga“ sambandið. Hugsun ofbeldismannsins einkennist af því að nú sé síðasta tækifærið, síðustu tilraunir til sátta. Hann gefur



stórar gjafir eða tekur afdrifaríkar ákvarðanir sem eiga að marka nýtt upphaf (t.d. húsa kaup eða flutningar). Þólandi getur tekið eftir breytingu á hegðun eða mynstri, tal um dauða, hótanir verða nákvæmari, staðan getur verst róast eða hún snar versnar. Komist nauðungarstjórnunin á þetta stig eru miklar líkur á því að sambandið endi með morði eða alvarlegustu líkamsmeiðingum.

7. Skipulagning

Umsátrið verður skipulagðara og nær til daglegrar rúttínu þólandans eins og hvaða leið hann ekur til og frá vinnu, hvenær hann kemur heim og hvernig staðhættir eru við heimili þólandans. Breyting á hegðunarmynstri gerandans. Þýr sér til tækifæri, ógnin magnast, getur sagt fólki frá plönnum um morð og meiðingar, heldur hótunum áfram, leitar á netinu að heppilegum aðferðum, safnar að sér vopnum eða öðrum tólum og tækjum til að yfirbuga þólandann eða koma líki undan, sjálfsmorðshótanir, einangrun barna.

8. Morð

Morð með afdráttarlausri játningu. Morð og eftirfylgjandi sjálfsmorð geranda. Morð sem látið er líta út fyrir að vera sjálfsmorð. Morð sem látið er líta út fyrir að vera líknardráp. Morð sem látið er líta út fyrir að vera slys. Morð sem látið er líta út fyrir að vera dauði af náttúrulegum orsökum. Farið í gegnum ferli um „týnda manneskju“. Skaði á börnum óhjákvæmilegur. Börn verða vitni að morði. Fórnarlambi kennt um, yfirlýsingar um sjálfsvörn eða ögrun.

Það er ekki óhjákvæmilegt að samband sem einkennist af nauðungarstjórnun fari í gegnum öll átta stigin. Hægt er að rjúfa mynstrin hvenær sem er og lögregla og aðrir ættu að gera sér grein fyrir á

hvaða stigi sambandið er og þá hvernig fyrirsjáanlegt er að það þróist, ef ekkert er að gert. Haldi sambandið áfram þá hættir nauðungarstjórnunin aldrei. Ef gerandi brýtur til dæmis gegn nálgunarbanni verður að bregðast við því af fullri hörku. Spurningar eins og „hvað gerist ef...“ eru gagnlegar til að greina samband sem einkennist af nauðungarstjórnun. Þrjár mikilvægustu spurningarnar eru: Er hegðunarmynstur fyrir hendi? Er það til þess fallið að þólandi breyti daglegum venjum sínum, athöfnum eða tengslum við fjölskyldu og aðra? Ríkir ótti við mögulegar afleiðingar þess að brjóta gegn reglum gerandans?

Skiptum okkur af

Þeir sem eru nákomnir þólandanum geta verið algerlega grunlausir um hvað er í gangi í sambandi þólandans, en jafn líklegt er að þeir sjái það skýrt. Það er viðbúið að þólandi gangi í gegnum það stig að afsaka gerandann, gera lítið úr ofbeldinu og streitast gegn öllum tilraunum til aðstoðar. Munum að það getur verið vegna ótta um afleiðingar þess að gera minnstu breytingar. En það er enginn valkostur við það að reyna að koma til hjálpar. Höldum augunum – og faðminum – opnum fyrir þólandann og börn hans.

*Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri Sigurhæða
Sorooptimistaklúbbs Suðurlands*

LEIÐTOGANÁMSKEIÐ Í SVÍPJÓÐ 2023

Fyrir ykkur sem ekki vita, þá er SNLA, Soroptmist Nordic Leadership Academy, samstarfsverkefni Soroptimistasystra á Norðurlöndunum sem hafa undirbúið og skipst á að halda leiðtoganámskeið fyrir ungar konur á aldrinum 20-30 ára. Fyrsta námskeiðið var haldið í Svíþjóð 2017, síðan tók Noregur við 2018, Finnland 2019, Danmörk 2020/2021 (sem var rafrænt vegna Covid) og svo Ísland 2022. Tilgangur þessara námskeiða er að efla leiðtogafærni, undirbúa þátttakendur fyrir hugsanlegar stjórnarstöður, efla tengslanet þeirra og veita þeim handleiðslu að námskeiði loknu.

SNLA námskeiðið var haldið að þessu sinni í Skurup í Suður Svíþjóð 26. júní - 1. júlí 2023. Fimm ungar konur, á aldrinum 22-30 ára, voru valdar til að fara frá Íslandi en því miður forfallaðist ein þeirra á síðustu stundu. Þær sem fóru voru: Halldóra Snorradóttir kennari, Konný Björg Jónasdóttir kennari, Sólrún Ásta Reynisdóttir hjúkrunarfræðinemi og Ýr Aimée stjórn málafræðinemi. Tvær íslenskar stúlkur, Rannveig Erlendsdóttir lyfjafræðingur sem er búsett í Danmörku fór á vegum danska Soroptimistasambandsins og Sigurlaug M. Sæmundsen húsgagnasmiður og byggingarverkfræðingur fór á vegum norska sambandsins.

Námskeiðið stóð yfir í fimm daga, frá mánudegi til föstudags. Dagskráin var þétt skipuð og fengu þær meðal annars kennslu/fræðslu í verkefnastjórnun, rökræðum, markmiðssetningu, samskiptatækni, réttindum kvenna, framsögn og starfsframa. Í viðtali við þátttakendur, að námskeiðinu loknu, kom meðal annars fram: „Námskeiðið var mjög gefandi en samt sem áður krefjandi. Það var dýrmætt að mynda tengsl við aðrar konur í öðrum löndum með lík sjónarmið. Á námskeiðinu voru ýmsir fyrirlesarar sem kynntu sín flottu verkefni, vinnustofur, hópavinna og tímar tengdir framkomu og líkamstjáningu. Ég er mjög þakklát fyrir að Soroptimistar hafi veitt mér þetta tækifæri.“ Önnur hafði meðal annars þetta að segja: „Ég fékk þarna tækifæri til að bæta við þekkingu mína og styrkjast sem leiðtogi í starfi og einkalífi. Myndi hiklaust mæla með þessu námskeiði fyrir hvern sem er.“

Næsta leiðtoganámskeið verður haldið í Noregi 2024 svo nú er bara um að gera að fara að svipast um eftir ungum konum, nánari upplýsingar um staðsetningu og tíma koma síðar.

Eyrún S. Ingvadóttir verkefnisstjóri SNLA

Skurup 15

Unga kvinnor utbildas i ledarskap: "Inspirerade och ögonöppnande"

En av världens största kvinnliga organisationsförbundet har samlat 30 unga kvinnor från hela Norden och bjudit dem till ett seminarium i Skurup i södra Sverige. Seminariumet handlar om ledarskap och utveckling. Det är viktigt med kvinnligt ledarskap, säger en av deltagarna.

Mer än 30 av de mest utvecklade kvinnliga organisationsförbundet har samlat 30 unga kvinnor från hela Norden och bjudit dem till ett seminarium i Skurup i södra Sverige. Seminariumet handlar om ledarskap och utveckling. Det är viktigt med kvinnligt ledarskap, säger en av deltagarna.

Mer än 30 av de mest utvecklade kvinnliga organisationsförbundet har samlat 30 unga kvinnor från hela Norden och bjudit dem till ett seminarium i Skurup i södra Sverige. Seminariumet handlar om ledarskap och utveckling. Det är viktigt med kvinnligt ledarskap, säger en av deltagarna.



Dagana 25. júní til 1. júlí tók ég þátt í SNLA námskeiði í Skurup, Svíþjóð. SNLA stendur fyrir Soroptimist Nordic Leadership Academy og hefur SNLA undirbúningshópurinn, sem er hópur norræna Soroptimistasystra, staðið fyrir námskeiðum á Norðurlöndunum árlega síðan sumarið 2017.

Þátttakendur á námskeiðinu voru 30 ungar konur á aldrinum 20 til 30 ára, bæði frá Norðurlöndum og Balkanskaga. Fyrirlesarar námskeiðsins komu einnig alls staðar að og veittu okkur þátttakendunum innsýn inn í heim leiðtoga í atvinnulífinu. Námskeiðið samanstóð af fyrirlestrum og vinnustofum og var mikið lagt upp úr samvinnu, framsögn og tjáningu. Soroptimistasystur héldu vel utan um hópinn í fallega umhverfinu við lýðháskólann í Skurup.

Námskeiðið var einstakt tækifæri til að hitta aðrar ungar konur í ólíkum störfum, með samskonar markmið og til þess að efla leiðtogafærni. Mér fannst námskeiðið vera mjög hvetjandi og það gaf mér góðar hugmyndir, bæði fyrir einkalíf mitt og starf. Ég mæli heilshugar með námskeiðinu fyrir ungar konur sem vilja taka þátt í Norðurlandasamstarfi og efla sig í námi og starfi.

F.h. íslenskra þátttakenda,
Halldóra Snorradóttir.
Höfundur er kennari og nýr deildarstjóri í grunnskóla.



Hópurinn sem fór til Riga átti ánægjulega daga í borginni.

Kátar systur fagna 50 ára afmæli

Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar er 50 ára á þessu ári. Systur í klúbbnum hafa haldið veglega upp á stórafmælið. Fyrst með hátíðarkvöldverði í maí þar sem Bjarni Arason hélt uppi miklu fjöri og síðan með helgarferð til Riga í Lettlandi fyrstu helgina í september. Ferðin var einstaklega vel heppnuð og systur skemmtu sér frábærlega vel í þessari fallegu borg.

Við hátíðarkvöldverðinn í maí voru stofnfélagar okkar heiðraðir með sérhönnuðum Soroptimistaslæðum sem Signý Þórhallsdóttir hannaði fyrir klúbbinn en hún hannar undir merkinu Morra.

Stofnaður í maí 1973

Klúbburinn var formlega stofnaður í maí árið 1973. Í dag eru 43 systur félagar og þar af eru fimm

stofnfélagar, þær Dagbjört Þórðardóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Hanna Kjeld, Kristín Einarsdóttir, Lovísa Christiansen og Steinunn Guðmundsdóttir.

Það var Halldóra Eggertsdóttir sem átti heiðurinn að stofnun fyrsta Soroptimistaklúbbsins í Reykjavík, hún kom einnig að stofnun klúbbsins í Hafnarfirði sem var annar í röðinni en síðan fylgdu fleiri í kjölfarið.

Kristín Einarsdóttir var fyrsti formaður klúbbsins og minnst stofnunar hans sem gekk ekki þrautalaust fyrir sig. „Við náðum takmarkinu um 18 systur og undirrituðum allar beiðni um stofnskrá í lok maí 1972. Síðla sumars bárust okkur þau tíðindi að klúbburinn væri samþykktur. Það töldust tímamót að vígja nýjan klúbb á Íslandi eftir svona langan tíma og því vildi þáverandi forseti Evrópusambandsins,



Stofnfélagar heiðraðir á hátíðarkvöldverði í maí. Jóhanna Gústavsdóttir formaður klúbbsins og Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir varaformaður afhentu silkislæður.



Á göngu um borgina.



Lovísa sagði sögur eins og henni einni er lagið og var mikið hlegið.



Kristín Einarisdóttir, fyrsti formaður klúbbsins, kveikir á kertum.



Stjórn klúbbsins: Jóhanna Gústavsdóttir formaður, Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir varaformaður, Gerður Gústavsdóttir aðstoðarverkefnastjóri, Heiða Friðjónsdóttir gjaldkeri, Jónína Guðnadóttir varafulltrúi, Ingibjörg Olóf Magnúsdóttir gjaldkeri og Sigrún Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Lucie Heuskin frá Belgíu, koma sjálf með stofnskrána en hún hefði ekki tíma fyrir en næsta vor, eða í maí 1973," rifjar Kristín upp.

„Vígsluhátíðin er sérstaklega minnisstæð, ákveðið var að halda hana í Hafnarfirði þótt enginn væri veitingastaðurinn. Við fengum sal, skreyttum hann og pöntuðum veitingar. En svo kom babb í bátinn, stofndagurinn var ákveðinn á föstudegi, en frú Lucie gat ekki vinnu sinnar vegna mætt á föstudegi en gæti komið á laugardegi.

Þótt ótrúlegt sé í dag var það vandamál því margar konur sögðust ekki geta farið einar út frá eiginmanni sínum á laugardagskvöldi," segir Kristín og má með sanni segja að tíðarandinn hafi breyst á þessum fimmtíu árum.

Ferðavikur fyrir erlendar systur

Aðaltekjulind klúbbsins hafa verið ferðavikur fyrir erlenda Soroptimista sem allar hafa verið einstaklega skemmtilegar og vel heppnaðar. Við höfum kynnst fjölmörgum og systur í klúbbum hafa sameinast um að gera ferðavikurnar sem ánægjulegastar fyrir gesti okkar.

Á sama hátt sameinuðumst við í Riga, fórum saman út að borða, í siglingu og gönguferð um gamla bæinn. Einstaklega létt var yfir hópnum, mikið hlegið og gleðin ein við völd. Við erum sammála um að ferðin hafi hrist okkur vel saman og við komum hressar inn í vetrarstarf klúbbsins.

Hér með fylgja myndir frá hátíðarkvöldverðinum og ferðinni til Riga.

Elín Albertsdóttir



Allir skemmtu sér konunglega.



Fjórir stofnfélagar sem komu í ferðina til Riga, þær Guðrún Magnúsdóttir, Hanna Marta Kjeld, Lovísa Christiansen og Kristín Einarisdóttir. Sannarlega flottar systur.



Borgin er einstaklega falleg og við getum mælt með að heimsækja hana.



AÐ EIGNAST NÝJAN VINAKLÚBB

Haustið 2021 var staðan þannig hjá okkur í Austurlandsklúbbi að við áttum engan vinaklúbb í öðrum löndum og aðeins einn hér innanlands. Klúbburinn hafði átt vinaklúbb í Danmörku en hann var lagður niður og við höfðum ekki fundið annan í staðinn. Þetta var slæmt því okkur finnst mikilvægt að eiga og rækta vinatengsl við Soroptimista annars staðar, líka í öðrum löndum.

Meðal nefnda klúbbsins er þriggja manna hópur um vinaklúbbatengsl sem ákvað þá að hittast reglulega yfir veturinn og hefja leit að nýjum vinaklúbbi. Nú tveimur árum síðar höfum við eignast vinaklúbb á Írlandi og erum með boð um að stofna til vinaklúbbatengsla við klúbb í Kenía. En hvernig er ferlið við að krækja í vinaklúbb? Eflaust getur það verið á ýmsa vegu en svona fórum við að:

Þar sem engin klúbbsystra hafði tengsl við klúbb í öðru landi eða ósk um að tengjast einhverjum ákveðnum klúbbi byrjuðum við með autt blað en höfðum það markmið að finna nýjan vinaklúbb fyrir sumarið. Það fyrsta sem við gerðum var að kortleggja hvar aðrir klúbbar á landinu eiga vinaklúbba. Það var mjög fróðlegt að sjá og í ljós

kom að margir eiga vinaklúbba á Norðurlöndunum, nokkrir í Litháen og svo vítt og breitt um Evrópu, í Bandaríkjunum, Afríku, Asíu og Eyjaálfu.

Eftir að hafa skoðað þetta vaknaði sú hugmynd að velja land þar sem engir aðrir íslenskir klúbbar ættu vinaklúbb og að finna tvo í einu, annan nálægt okkur og hinn fjær. Þetta var kynnt og samþykkt á klúbbfundi í byrjun febrúar 2022 og ákveðið að setja könnun á Facebook, þar sem systur gætu komið með uppástungur um lönd sem horfa ætti til. Það var gert og tóku alls 19 systur þátt af um 30 en niðurstaðan varð sú að flestar völdu Írland og Eistland. Ábending kom um að velja klúbb sem væri nálægt alþjóðaflugvelli til að auðvelda heimsóknir þangað.

Nefndin fór nú að kynna sér klúbbana í þessum tveimur löndum. Á Írlandi reyndust vera alls 15 klúbbar sem við þrengdum fljótlega niður í þrjá, þá sem næstir eru Dublin. Það háði okkur nokkuð að vefur írska landssambandsins lá niðri vegna uppfærslu í nokkrar vikur um vorið og á meðan var ekki hægt að skoða upplýsingar um klúbbana.

Valið var auðveldara í Eistlandi því þar virtust aðeins vera tveir klúbbar, annar í Tallinn en hinn nokkuð langt þaðan. Klúbburinn í Tallinn varð því fyrir valinu en ekki tókst okkur að finna netfang klúbbsins og á Facebook-síðu hans stóð að síðunni hefði verið lokað. Við sendum því fyrirspurn til Evrópusambands Soroptimista (SIE) um það hvort klúbburinn væri ekki enn starfandi. Svar barst í apríl þess efnis að hann hefði því miður verið lagður niður. Við gáfum þá Eistland upp á bátinn að sinni og ákváðum að einbeita okkur að Írlandi.

Á klúbbfundi í byrjun maí kynntum við þá þrjá staði þar sem írsku klúbbarnir sem við höfðum valið úr eru staðsettir. Allir þóttu álitlegir en við völdum einn til að hafa samband við fyrst, með þeim fyrirvara að verkefni klúbbsins væru á svipuðum nótum og okkar.

Upplýsingar um verkefni írsku klúbbanna urðu ekki aðgengilegar á vef landssambands þeirra fyrr en seint um sumarið. Þá leist okkur betur á annan klúbb og ákváðum frekar að hafa samband við hann. Engin klúbbanetföng voru gefin upp á vefnum en þann 4. sept. 2022 sendum við póst til SI Drogheda í gegnum vef írsku landssambandsins og óskuðum eftir vinaklúbbatengslum. Bréfið höfðum við verið að setja saman alveg frá því um veturinn og höfðum í því m.a. stutta kynningu á klúbbnum og verkefnum okkar.



Síðan leið og beið og engin viðbrögð bárust við póstinum. Í október fundum við loks netfang Drogheda-klúbbsins á Facebook-síðu þeirra og sendum póstinn aftur þann 20. okt. Þá kom svar um hæl frá ritara klúbbsins sem þakkaði fyrir boðið og sagðist viss um að viðbrögð klúbbsins yrðu jákvæð! En svo heyrðist ekkert meira fyrr en í byrjun febrúar 2023 þegar við höfðum sent kurteislegan ítrekunarpóst og þá staðfesti ritarinn að svar þeirra væri jákvætt.

Nú tók við að ganga frá formlegum pappírnum en það tók þó nokkurn tíma. Fylla þarf út form frá SIE sem formenn beggja klúbba skrifa undir og sömuleiðis frá SIGBI sem Írland tilheyrir og senda aftur til baka svo vinaklúbbatengslin verði formleg. Til að gera langa sögu stutta þá var ekki lokið við að skrifa undir þessa pappíra fyrr en í Dublin í sumar þegar við vorum þar á heimsþingi Soroptimista.

Til gamans má geta þess að við vorum ekki meðvitaðar um að þingið yrði haldið þar fyrr en við vorum komnar vel á veg með að finna vinaklúbb á Írlandi. En að sjálfsögðu notuðum við tækifærið og fórum nokkrar á heimsþingið og hittum formann og ritara nýja vinaklúbbsins okkar í leiðinni, sem var ótrúlega skemmtilegt. Nú þarf að styrkja og efla tengslin og höfum við rætt að senda á milli eitt til tvö „fréttabréf“ á önn. Einnig höfum við rætt að virkja betur tengslin við vinaklúbbinn okkar hér innanlands og jafnvel að stofna til nýrra slíkra tengsla.

Förin á heimsþingið reyndist árangursrík því stuttu eftir að heim var komið barst einni okkar tölvupóstur frá systur í SI Eldoret í Kenía sem hún hafði kynnst á heimsþinginu. Þar er hún m.a. að bjóða okkur að gerast vinaklúbbur þeirra, þannig að nú erum við komnar með boð frá öðrum klúbbi enn lengra frá sem kynnt verður og eflaust samþykkt á næsta klúbbfundi okkar.

Markmiðið um að eignast nýjan vinaklúbb fyrir sumarið 2022 náðist að vísu ekki en nú rúmu ári síðar er það í höfn og annar vinaklúbbur í sjónmáli. Gott verður og gaman að eiga og rækta þau vinatengsl, bæði innanlands og í öðrum löndum.

*F.h. nefndar um vinaklúbbatengsl,
Bára Mjöll Jónsdóttir, Austurlandsklúbbi*



MERKIÐ OKKAR

Ég var svo heppin að taka þátt í heimsþingi Soroptimista, sem fór fram í Dublin á Írlandi í lok júlí. Þar bar margt á góma og einhver galdur er í loftinu þar sem hátt í 1700 Soroptimistasystur frá öllum heimshornum eru samankomnar. Þarna bar ýmislegt á góma og upp úr stendur erindi Mary Robertson fyrrverandi forseta Írlands. Hún er kona sem geislar af smitandi ákafa, bjartsýni og trú á að við getum komist í gegnum þetta skeið hamfarahlýnunar.

Eitt af því sem kom mér á óvart á heimsþinginu var kynning Maureen Maguire forseta heimssambandsins á nýju merki Soroptimist International. Ég hafði svo sem skynjað að merkið, sem við allar þekkjum, væri talið barn síns tíma og ýmislegt við það að athuga. Það var flókið í framleiðslu, konan á því hvít og annað í þeim dúr. Það þótti ekki ná að endurspeglar konur, óháð húðlit, trú eða uppruna. Einnig var rætt um að ungar konur ættu erfitt með að samsama sig merkinu.

Ég fann að breytingamótþrói greip mig taki. Hvað á þetta eiginlega að þýða að skella þessu gula og svarta merki beint í andlitið á mér? Merki sem einhver karl úti í heimi hannaði og líktist helst merki um eittraðan úrgang eða eitthvað á móta. Ég var ekki ein um þetta, það fóru að heyrast alls konar óánægjuraddir og athugasemdir á samfélagsmiðlum létu ekki á sér standa. Auðvitað voru líka ánægjuraddir, en þær lét ég eins og vind um eyru þjóta. Þegar heim kom ákvað ég að setjast og kanna aðdragandann og þróun merkisins, til að hafa aðeins meira en einhverja mótþróatilfinningu að leiðarljósi. Það reyndist lítið hægt að finna á alnetinu og ég var við það að gefa þennan pistil upp á bátinn þegar þann 8. september birtist yfirlýsing um merkið frá Maureen Maguire forseta SI.

Maureen byrjar yfirlýsinguna á að segja að stjórn SI hafi skilning á því að breytingar geti verið erfiðar. Hún greindi síðan frá aðdraganda og tilurð þessa nýja merkis, þar sem forsetar allra heimshlutasamtaka og SI voru saman í að skilgreina hvað merkið skyldi endurspeglar. Það ferli fór af stað á síðasta ári. Samkomulag var um að merkið skyldi vera viðurkennt/þekkt um allan heim, sem tákn fyrir ALLA Soroptimista sem vilja tilheyra alþjóðlegri hreyfingu Soroptimista. Það skuli vera einstakt, auðgreinanlegt og vekja eftirtekt í heiminum. Það væri tímabært að sigla inn í nýtt árhundrað á traustum grunni þess sem er liðið og byggja á ferskum andblæ vonar um bætt líf allra kvenna í nútíð og framtíð.

Merki Soroptimista er skrásett „vörumerki“, sem þýðir að merkið er verndað og óleyfilegt að breyta því eða stílfæra. Fram að þessu hefur merkið verið notað á ýmsan veg, litum og letri breytt og að auki hafa tvö stór heimssambönd valið að láta hanna nýtt merki fyrir sig. Merkið er talið of flókið/órólegt, erfitt í framleiðslu og gagnrýnt hefur verið að konan á merkinu skuli vera hvít kona með bera handleggi. Þannig eigi stór hópur Soroptimista erfitt með að samsama sig merkinu og það endurspeglar því traudla jafnrétti, fjölbreytileika og inngildinguna (inclusion) Soroptimistahreyfingarinnar á heimsvísu.



Eins og lög SI gera ráð fyrir þá var hönnun merkisins boðin út og fengu fjögur fyrirtæki útboðsgögnin send; tvö skiluðu tilboði.

Lagt var upp með það markmið að nýtt merki skyldi uppfylla neðanskráð atriði:

- Það skyldi vera einstakt og alltaf eins - tala einum rómi
- Vera heimsþekkt og hafa alþjóðlega skírskotun
- Endurspeglar hugsjónir Soroptimista og það sem við stöndum fyrir; gildi systrabæls og að hafa allar með
- Halda í gæði og vera í líkingu við fyrra merkið
- Endurspeglar inngildinguna (inclusion), jafnrétti og fjölbreytileika
- Það skuli vera eftirtektarvert/höfðað til komandi kynslóða Soroptimista

Merkið skyldi endurspeglar ákveðna og stolta kvenstyttu; fulltrúa kvenna af ólíkum uppruna. Það áttu að vera á því lárviðarlauf og eikarakörn, sólargeislar, upphafnir handleggir og augu sem horfa vongóð til himins. Á því skyldi standa Soroptimist International. Merkið skyldi vera tímalaus táknmynd í takt við nýtt árhundrað.

Útkoman var svo kynnt á heimsþinginu, eins og áður sagði. Merkið er af konu sem er af óræðum húðlit, uppruna og trú. Konu sem er harðákveðin í að stefna að því að bæta líf allra stúlkna og kvenna í heiminum.

Aðalliturinn er ákveðinn; svartur, hvítur, gulur og grár. Að auki er sérstök litapaletta sem nota má í tengslum við mikilvægar dagsetningar og viðburði. Má þar nefna hina ýmsu daga Sameinuðu þjóðanna, svo sem 8. mars og 10. desember.

Rifjum aðeins upp hvað upprunalega merkið stendur fyrir. Það er táknrænt fyrir hugsjónir Soroptimista. Lárviðarlaufin eru krýning fyrir vel unnin verk en akörnin, ávöxtur eikarinnar, til marks um innri styrk.

Ég býð spennt eftir vefkynningu (Webinar), sem verður haldin 28. september næstkomandi, þar sem stjórn SI mun fara yfir ferlið frá hugmynd að merki og upplýsa hvernig það skuli notað. Einnig mun þeim upplýsingum verða deilt í fréttabréfi heimssambandsins Global Voice og á samfélagsmiðlum.

Nú nálgast haustfundur okkar og geri ég ráð fyrir að þar muni systur ræða merkið sem og annað sem sameinar okkur. Tökum allar nýja merkið með inn í þetta nýja árhundrað Soroptimistahreyfingarinnar.

*Sigríður Kr. Gísladóttir Austurlandsklúbbi
2. Varaforseti SÍÍ*



